# FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017







# FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017

Fyrirtæki ársins 2017 eru að þessu sinni fimmtán talsins. Í hópi stórra fyrirtækja eru það **CCP Games**, **Johan Rönning**, **Nordic Visitor Iceland**, **S4S** og **TM Software**. Í hópi millistórra fyrirtækja eru vinningshafarnir **Expectus**, **Fulltingi**, **Iceland Pro Travel**, **Kortaþjónustan** og **Margt Smátt**. Og í hópi lítilla fyrirtækja eru það **Beiersdorf**, **Eirvík**, **Rafport**, **Sigurborg** og **Vinnuföt**. Öll þessi fyrirtæki skara fram úr að mati starfsmanna þeirra og eru vel að titlinum komin.

Árleg könnun VR á Fyrirtæki ársins er send til félagsmanna og fjölda annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði en 160 fyrirtæki af 240 sem komust á lista tryggðu öllum starfsmönnum sínum þátttöku í könnuninni í ár, óháð stéttarfélagsaðild. Markmiðið með könnuninni er að leita upplýsinga um viðhorf starfsmanna á vinnumarkaði til aðbúnaðar á sínum vinnustað. En könnunin er jafnframt vettvangur starfsmannanna til að segja stjórnendum hvað vel er gert og hvað betur má fara.

Í ár fá fimm efstu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki titilinn Fyrirtæki ársins í stað eins áður og fimmtán efstu fá viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í stað tíu áður. Einungis fyrirtæki sem bjóða öllum starfsmönnum sínum að taka þátt í könnuninni koma til greina í valinu á Fyrirmyndarfyrirtæki eða Fyrirtæki ársins. Sú ákvörðun var kynnt fyrirtækjunum í upphafi árs og vill VR þannig hvetja fyrirtæki til að gefa öllum starfsmönnum tækifæri til að taka þátt, sjá nánar á næstu síðu.



# FIMMTÁN FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017

Í ár fá alls fimmtán fyrirtæki titilinn Fyrirtæki ársins 2017 frá VR og 45 fyrirtæki fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki 2017. Þetta er umtalsverð breyting frá fyrri árum þegar þrjú fyrirtæki fengu viðurkenningu sem Fyrirtæki ársins ár hvert og 30 fyrirtæki voru tilnefnd sem Fyrirmyndarfyrirtæki. Þá er einnig gerð sú breyting í ár að eingöngu fyrirtæki þar sem allir starfsmenn höfðu tækifæri til að taka þátt í könnuninni, burtséð frá stéttarfélagsaðild þeirra, koma til greina sem Fyrirmyndarfyrirtæki eða Fyrirtæki ársins.

## FRÁ EINU FYRIRTÆKI ÁRSINS UPP Í FIMMTÁN

Rúmlega tuttugu ár eru frá því VR tilnefndi fyrst Fyrirtæki ársins og var þá eingöngu eitt fyrirtæki valið. Árið 2001 var tekin sú ákvörðun að velja tvö fyrirtæki, eitt úr hópi fyrirtækja þar sem störfuðu 50 eða fleiri félagsmenn og annað úr hópi fyrirtækja þar sem félagsmenn voru færri en fimmtíu. Árið 2012 var fjölgað um einn stærðarflokk og Fyrirtæki ársins urðu þrjú. Í ár er gerð sú breyting að velja fimm Fyrirtæki ársins í hverjum stærðarflokki – lítilla fyrirtækja þar sem starfa færri en 20 starfsmenn, meðalstórra fyrirtækja þar sem starfsmenn eru 20 til 49 og stórra fyrirtækja þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri.

VR telur mikilvægt að veita þeim fyrirtækjum viðurkenningu sem búa starfsmönnum sínum fyrirmyndar starfsumhverfi. Þá er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðurkenning er veitt á grundvelli upplýsinga sem starfsfólkið veitir sjálft. Fyrirtæki sem eru í efstu sætunum hafa yfirleitt verið nokkuð jöfn þegar kemur að einkunn og erfitt að velja eitt þeirra sem sigurvegara. Því ákvað VR að veita fimm efstu fyrirtækjunum í hverjum stærðarflokki titilinn eftirsótta Fyrirtæki ársins 2017. Fimmtán efstu fá viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki 2017.

## ALLIR STANDA JAFNT AÐ VÍGI

VR hefur í rúman áratug gefið fyrirtækjum kost á því að bjóða öllum starfsmönnum sínum þátttöku í könnuninni á Fyrirtæki ársins, óháð stéttarfélagsaðild. Í ár var svo gerð sú breyting að einungis fyrirtæki þar sem allir geta tekið þátt - ekki bara VR félagar - koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins 2017 og Fyrirmyndarfyrirtækjum 2017. Þannig standa öll fyrirtæki jafnt að vígi þegar kemur að valinu.

Þátttaka alls starfsfólks eykur notagildi könnunarinnar því ef öllu starfsfólki er boðin þátttaka eru mun meiri líkur á að niðurstöðurnar endurspegli viðhorf starfsmannahópsins í heild en ekki eingöngu ákveðins hóps eins og vill verða þegar eingöngu VR félagar taka þátt. Einkum á þetta við í stærri fyrirtækjum með fjölbreyttan hóp starfsfólks. Könnunin tekur á öllum helstu þáttum í starfsumhverfinu og er því mikilvægur mælikvarði á gæði stjórnunar, samskipta og aðbúnaðar á vinnustað. Fjölmörg fyrirtæki nýta niðurstöðurnar til að bæta það sem þarf að lagfæra og þátttaka alls starfsfólks styrkir þau skilaboð sem stjórnendur fá úr könnuninni.

Fyrirmyndarfyrirtæki og ekki síst Fyrirtæki ársins eru fyrirtæki sem náð hafa framúrskarandi árangri í mannauðsmálum. Ávinningur fyrirtækja af þátttöku í könnun VR er augljós, niðurstöðurnar eru mælikvarði sem fyrirtækin getað skoðað ár frá ári. Það er mikilvægt að sjá þróunina í mannauðsstjórnun og meta árangurinn af þeim aðgerðum sem gripið er til þegar niðurstöðurnar sýna að þörf er á breytingum. Könnunin veitir aðhald, öllum til hagsbóta.

# 67% FYRIRTÆKJA BJÓÐA ÖLLUM ÞÁTTTÖKU

Í tveimur af hverjum þremur fyrirtækjum á lista yfir Fyrirtæki ársins 2017 – eða 67% fyrirtækja - fá allir starfsmenn tækifæri til að taka þátt í könnuninni, burtséð frá því í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Aldrei áður hafa svo mörg fyrirtæki tryggt öllum starfsmönnum þátttökurétt í könnuninni. Þessi fyrirtæki eru merkt með * í listum í blaðinu. Að auki buðu sex fyrirtæki til viðbótar öllum sínum starfsmönnum þátttöku, en náðu ekki þeirri lágmarkssvörun sem þarf til að niðurstöðurnar séu birtar. Þá bendum við á að í mörgum fyrirtækjum á listunum er mikill meirihluti, ef ekki allir starfsmenn, í VR, þó að þau fyrirtæki séu ekki merkt sérstaklega.

Stjórnendur 950 fyrirtækja á íslenskum vinnumarkaði fengu í upphafi árs sendan kynningarbækling frá VR þar sem kynntar voru þær breytingar sem gerðar voru á könnuninni í ár og að einungis fyrirtæki þar sem allir taka þátt kæmu til greina sem Fyrirtæki ársins. Við vonum að sem flestir sjái sér hag í því að bjóða öllum starfsmönnum þátttöku og fyrirtækin verði enn fleiri á næsta ári.

Eftirtalin fyrirtæki buðu öllum starfsmönnum þátttöku – 160 fyrirtæki af 240 á lista:

1819 – Nýr valkostur
1912
66 Norður / Sjóklæðagerðin
Allianz á Íslandi
Alp
Alskil
Alþýðusamband Íslands
Annata
Applicon
Artica heildverslun
Arkís arkitektar
Artasan
Atlantsolía
Attentus - mannauður og ráðgjöf
Áltak
Ásbjörn Ólafsson
Beiersdorf
Birtingahúsið
Bílaleiga Flugleiða
Bílaumboðið Askja
Bitter
BL
Blindrafélagið
Bókhald og uppgjör
Bókhald og þjónusta
CCP Games
Controlant
CP Reykjavík
Danól
Deloitte
Distica
DK hugbúnaður
Dohop
Egill Árnason
Egilsson
Eignaumsjón
Eirberg
Eirvík
Epal
Ernst & Young
Expectus
Ferðakompaníið
Félagsstofnun stúdenta
Fjárstoð
Flügger
Frakt flutningsmiðlun
Franch Michelsen
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Fulltingi
Garri
Ger Innflutningur
Globus
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Gray Line
Guðmundur Jónasson
Hagvangur
Halldór Jónsson
Happdrætti Háskóla Íslands
Harðviðarval
Harpa
Hekla
Hey Iceland
Hringdu
Hugsmiðjan
Húsgagnahöllin
Hvíta húsið
Hönnunarmiðstöð Íslands
Iceland Pro Travel
Iceland Travel
Icelandair Cargo
Icepharma
IÐAN-Fræðslusetur
Iðnmennt / Iðnú
IKEA
Innnes
Ísaga
Ísleifur Jónsson
Íslensk getspá
Íslenskir aðalverktakar
Johan Rönning
Jónar Transport
Jónsson & Lemacks
Karl. K. Karlsson
Kilroy Iceland
Kortaþjónustan
KPMG
Libra
Lífeyrissjóður verzlunarmanna
LS Retail
Margt smátt
Medor
Mekka Wines & Spirits
Microsoft Íslandi
Miðlun
Miðnesheiði
Mímir-símenntun
Motus
Netorka
Nordic Visitor Iceland
Norðurflug
Northern Light á Íslandi
Nova
Novomatic
Nýherji
Oddi
Olíuverzlun Íslands
Opin kerfi
Ormsson
Parlogis
Penninn
Pipar-TBWA
Poulsen
PwC
Rafport
Rammagerðin
Rauði Krossinn
Reiknistofa bankanna
Rekstrarfélag Kringlunnar
Reykjafell
Rými Ofnasmiðjan
S. Guðjónsson
S4S
Samhjálp
Securitas
Sensa
Sigurborg
Sjónlag
Sjóvá
Skeljungur
Sláturfélag Suðurlands
Slysavarnarfélagið Landsbjörg
Sportköfunarskóli Íslands / dive.is
Tandur
Tempo
Tengi
Terra Nova Sól
Thor Shipping
Tjarnargatan
TM Software
TREX - Hópferðamiðstöð
Tryggingamiðstöðin
TVG Zimsen
Útfarastofa kirkjugarðanna
Vaðvík
Vaki fiskeldiskerfi
Valka
Veritas Capital
Verslunartækni
Vélfang
Vinnuföt
VIRK starfsendurhæfingarsjóður
Vistor
VÍS
Vodafone
VSB verkfræðistofa
Vörður tryggingar
Wise
Würth á Íslandi
Þekking Tristan
Öryggismiðstöð Íslands

FYRIRTÆKI
ÁRSINS 2017

# SIGURVEGARAR – STÓR FYRIRTÆKI

## CCP GAMES

CCP Games fékk alls 4,44 í einkunn í könnun VR en meðaleinkunn í þessum stærðarflokki var 4,13. Hæsta einkunn fyrirtækisins var fyrir jafnrétti, 4,77 sem er jafnframt hæsta einkunn fyrirtækja fyrir þáttinn í stærðarflokknum. Næsthæsta einkunn CCP var fyrir starfsanda eða 4,66. Lægsta einkunn var hins vegar fyrir launakjör, 3,74 sem er þó vel yfir meðaltali stærri fyrirtækja en það var 3,24.

Heildareinkunn CCP árið 2016 var 4,38. Flestar einkunnir fyrirtækisins eru svipaðar á milli ára, þó hækkar einkunn fyrir jafnrétti úr 4,57 í 4,77 og einkunn fyrir ánægju í starfi og stolti af fyrirtæki hækkar úr 4,30 í 4,48 í ár.

## JOHAN RÖNNING

Johan Rönning fékk 4,56 í heildareinkunn í könnun VR í ár. Ímynd fyrirtækisins fær einkunnina 4,82 samanborið við 4,22 að meðaltali í stærðarflokknum. Jafnrétti er í öðru sæti með einkunnina 4,72. Eins og hjá öðrum fyrirtækjum í könnuninni er það þátturinn launakjör sem er lægstur, en Rönning fékk 3,89 fyrir þann þátt í ár en meðaltalið var 3,24.

Heildareinkunn Rönning árið 2016 var 4,64 og lækkar fyrirtækið lítillega. Einkunn fyrir ímynd hækkar úr 4,75 árið 2016 í 4,82 í ár sem er hæsta einkunn fyrir þáttinn í stærðarflokknum og deilir Rönning þeim heiðri með Nordic Visitor.

## NORDIC VISITOR ICELAND

Nordic Visitor Iceland fékk 4,47 í heildareinkunn samanborið við 4,42 í könnuninni árið 2016 og stendur nánast í stað á milli ára. Ímynd fyrirtækisins fær hæstu einkunn, 4,82 og er fyrirtækið efst í þessum þætti ásamt Johan Rönning. Næsthæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir starfsanda eða, 4,71 en meðaltalið var 4,35 fyrir þann þátt í stærðarflokknum. Launakjörin eru lægst og fær fyrirtækið einkunnina 3,21 sem er svipað og meðaltali fyrir þennan þátt í hópi stóru fyrirtækjanna.

Mesta breyting á milli áranna 2016 og 2017 hjá Nordic Visitor er í vinnuskilyrðum en einkunn fyrir þann þátt hækkar úr 3,79 í fyrra í 4,50 í ár.

## S4S

S4S fékk 4,42 í heildareinkunn samanborið við 4,13 sem er meðaltalið í hópi stórra fyrirtækja. Tveir þættir voru jafnir og efstir hjá fyrirtækinu með einkunnina 4,67, það er sjálfstæði í starfi og ímynd fyrirtækis. Þátturinn ánægja og stolt fylgir fast á eftir með einkunnina 4,66. Launakjör voru lægst en þar var einkunnin 3,90.

Árið 2016 fékk S4S 4,39 í heildareinkunn og stendur því nánast í stað á milli ára. Einkunn fyrir jafnrétti hækkar þó nokkuð á milli áranna 2016 og 2017, úr 4,37 í fyrra í 4,56 í ár.



## TM SOFTWARE

TM Software fékk 4,44 í heildareinkunn í ár sem er umtalsverð hækkun frá 2016 en þá var heildareinkunnin 4,14. Hæsta einkunn TM Software í ár er fyrir sveigjanleika í vinnu eða 4,72. Starfsandinn fær næsthæstu einkunn, 4,62. Einkunn fyrir launakjör er lægst eins og hjá öðrum fyrirtækjum í þessum stærðarflokki eða 3,8.

Allar einkunnir TM Software hækka á milli ára, sumar umtalsvert. Einkunn fyrir þáttinn stjórnun hækkar mest á milli ára eða úr 3,99 í 4,52. Einkunn fyrir starfsandann hækkar einnig mikið, úr 4,31 í 4,62, sem og einkunn fyrir vinnuskilyrði sem fer úr 3,99 í 4,29. Þá eykst ánægja og stolt af fyrirtæki, einkunn fer úr 4,20 í 4,53.

Hæsta einkunn sem fyrirtæki getur fengið er 5 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir lykilþættina níu. Þessir þættir eru: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt af fyrirtækinu og jafnrétti.

# SIGURVEGARAR – MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

## EXPECTUS

Expectus fékk 4,65 í heildareinkunn í könnuninni en meðaltalið hjá fyrirtækjum í hópi meðalstórra fyrirtækja er 4,19. Hæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir starfsandann, 4,87 en meðaltal fyrir þann þátt er 4,36 hjá fyrirtækjum í þessum stærðarflokki. Fyrirtækið fær 4,83 í einkunn fyrir stjórnun og 4,84 í einkunn fyrir sjálfstæði í starfi. Lægsta einkunnin er 3,85 fyrir þáttinn launakjör.

Heildareinkunn Expectus árið 2016 var 4,70 og hefur einkunn fyrirtækisins nánast staðið í stað á milli ára. Ánægja með sveigjanleikann eykst á milli ára og sama má segja um sjálfstæði í starfi.

## FULLTINGI

Fulltingi fær einkunnina 4,65 og eru einkunnir fyrir fjóra af níu lykilþáttum 4,8 eða hærri. Þetta eru stjórnun og starfsandi en í báðum tilfellum er einkunnin 4,8. Þá er einkunn fyrir sveigjanleika í vinnu 4,81. Mesta ánægjan er hins vegar með vinnuskilyrðin er þar er hæsta einkunn fyrirtækisins, 4,87 sem er jafnframt hæsta einkunn fyrir þennan þátt í flokki meðalstórra fyrirtækja.

Lægsta einkunn Fulltingi er fyrir launin, þátturinn launakjör fær 3,83 í einkunn en meðaltalið þar er 3,44. Fyrirtækið var ekki á lista yfir fyrirtæki ársins árið 2016.



## ICELAND PRO TRAVEL

Iceland Pro Travel er nýtt á lista yfir Fyrirtæki ársins í ár. Heildareinkunn fyrirtækisins er 4,58. Hæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir starfsandann, 4,9 sem er jafnframt hæsta einkunn fyrir þennan þátt meðal fyrirtækja af þessari stærð. Fyrirtækið fær einnig hæstu einkunn fyrirtækja í þessum stærðarflokki fyrir jafnrétti, 4,81, og fyrir ánægju í starfi og stolt af fyrirtæki – en þessi atriði eru tekin saman í einn þátt - eða 4,87.

Og eins og hjá flestum öðrum fyrirtækjum á lista er einkunn fyrir launakjör lægst hjá Iceland Pro Travel eða 3,51.

## KORTAÞJÓNUSTAN

Kortaþjónustan fékk 4,61 í heildareinkunn í könnun VR í ár. Hæsta einkunn er fyrir starfanda eða 4,88. Þá fær þátturinn ánægja í starfi og stolt af fyrirtæki einnig háa einkunn eða 4,83. Jafnrétti virðist í hávegum haft en einkunn fyrir þann þátt er sú næsthæsta í stærðarflokknum eða 4,79. Launakjörin fá svo einkunnina 3,84 en meðaltalið í þessum þætti er 3,44 hjá meðalstórum fyrirtækjum.

Heildareinkunn Kortaþjónustunnar í fyrra var 4,57. Einkunn fyrir ímynd fyrirtækis hækkar mikið eða úr 4,39 í 4,80. Þá hækkar einkunn fyrir launakjör, sem er þó lægsta einkunn fyrirtækisins, úr 3,73 í 3,84.

## MARGT SMÁTT

Margt smátt fær 4,6 í heildareinkunn. Þátturinn ímynd fyrirtækis fær hæstu einkunn eða 4,82. Fast þar á eftir fylgja tveir þættir, ánægja í starfi og stolt af fyrirtæki með 4,76 í einkunn og sjálfstæði í starfi þar sem einkunnin er 4,75. Margt smátt er eitt af fimm fyrirtækjum á lista yfir meðalstór fyrirtæki sem fær 4,0 eða hærra fyrir launakjör - einkunn fyrirtækisins er 4,23 sem er næsthæsta einkunnin fyrir launin.

Heildareinkunn fyrirtækisins á síðasta ári var 4,66. Einkunn fyrir starfsanda hækkar mest á milli ára, fer úr 4,48 í 4,72. Þá eykst ánægja í starfi og stolt einnig, fer úr 4,69 í 4,76.

Hæsta einkunn sem fyrirtæki getur fengið er 5 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir lykilþættina níu. Þessir þættir eru: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt af fyrirtækinu og jafnrétti.

FYRIRTÆKI
ÁRSINS 2017

# SIGURVEGARAR – LÍTIL FYRIRTÆKI

## BEIERSDORF

Beiersdorf fær 4,86 í heildareinkunn í hópi lítilla fyrirtækja en meðaltalið í þessum flokki er 4,35. Fyrirtækið fær 4,9 eða hærri einkunn fyrir sex af níu lykilþáttum. Þetta eru sjálfstæði í starfi með einkunnina 4,9, stjórnun með einkunnina 4,92, ímynd fyrirtækis með 4,93 í einkunn, vinnuskilyrði með einkunnina 4,94, ánægja og stolt með einkunnina 4,95 og jafnrétti þar sem einkunnin er 4,97 sem er næsthæsta einkunn allra fyrirtækja. Lægstu einkunn fá launakjörin 4,38.

Beiersdorf var ekki á lista yfir Fyrirtæki ársins á síðasta ári en birtist oft á þessum lista félagsins árin þar á undan.

## EIRVÍK

Eirvík fær 4,83 í heildareinkunn í könnuninni í ár. Hæsta einkunn fyrirtækisins er 4,95 fyrir jafnrétti en þar er meðaltalið 4,26 í þessum stærðarflokki. Tvær aðrar einkunnir eru einnig yfir 4,9, starfsandi og ímynd fyrirtækis en báðir þessir þættir fá 4,91 í einkunn.

Heildareinkunn Eirvíkur á síðasta ári var 4,53 og hækkar því umtalsvert á milli ára. Allar einkunnir hækka, mest fyrir launin en í ár er einkunn Eirvíkur fyrir launakjör 4,48 en var 3,98 á síðasta ári. Einkunn fyrir launakjör í hópi lítilla fyrirtækja í ár er 3,69 að meðaltali. Einkunn fyrir vinnuskilyrði hækkar líka mikið á milli ára, úr 4,34 árið 2016 í 4,82 í ár. Þá hækka einkunnir fyrir stjórnun og starfsanda umtalsvert.



## RAFPORT

Rafport fær fullt hús stiga, eða heildareinkunnina 5,0, í könnun VR í ár og er fyrsta fyrirtækið í sögu könnunarinnar sem fær þessa heildareinkunn. Það þýðir að einkunn fyrir alla lykilþættina níu er 5,0. Lykilþættirnir eru: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, jafnrétti og loks ánægja í starfi og stolt af fyrirtæki. Fyrirtæki í þessum stærðarflokki hafa fengið fullt hús stiga fyrir allt að fimm lykilþætti en ekki fyrir alla þættina níu, fyrr en nú.

Rafport hefur ekki áður birst á lista VR yfir Fyrirtæki ársins.

## SIGURBORG

Sigurborg fær heildareinkunnina 4,92 en meðaltalið í flokki lítilla fyrirtækja er 4,35. Sigurborg fær fullt hús stiga fyrir fimm af níu lykilþáttum, þ.e. starfsanda, vinnuskilyrði, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis og ánægju í starfi og stolt af fyrirtæki. Lægsta einkunn fyrirtækisins er fyrir launakjörin en þar fær Sigurborg 4,40 en meðaltalið meðal lítilla fyrirtækja í þessum þætti er 3,69.

Sigurborg var ekki á lista yfir Fyrirtæki ársins á síðasta ári en birtist oft á þessum lista félagsins árin þar á undan.

## VINNUFÖT

Vinnuföt fær 4,92 í heildareinkunn í könnun VR í ár og fullt hús stiga eða fimm stig fyrir þrjá af níu lykilþáttum. Þetta eru starfsandi, sveigjanleiki vinnu og ímynd fyrirtækis. Einkunn fyrir launakjörin er sú næsthæsta í könnuninni í ár eða 4,93 en meðaltalið í þessum stærðarflokki er 3,69. Tveir þættir eru lægstir hjá Vinnufötum, sjálfstæði í starfi og ánægja í starfi og stolt af fyrirtæki en einkunn fyrir þessa þætti er 4,85.

Heildareinkunn Vinnufata á síðasta ári var 4,97 og breytist einkunn fyrirtækisins lítið á milli ára. Tvær einkunnir standa í stað á milli ára, fyrir starfsanda og ímynd fyrirtækis, eða 5,0 bæði árin.

Hæsta einkunn sem fyrirtæki getur fengið er 5 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir lykilþættina níu. Þessir þættir eru: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt af fyrirtækinu og jafnrétti.



# ÞETTA ERU FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI!

Fyrirtækin sem eru í fimmtán efstu sætunum í könnun VR á Fyrirtæki ársins 2017 eru sannarlega til fyrirmyndar og er ástæða til að vekja sérstaka athygli á frammistöðu þeirra. Þetta eru fyrirtækin sem fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki 2017. Innan þeirra raða eru þau fyrirtæki sem eru valin Fyrirtæki ársins auk fyrirtækjanna í næstu tíu sætum fyrir neðan í hverjum stærðarflokki fyrir sig. Mörg þessara fyrirtækja eru ofarlega á lista hverju ári, hvernig sem staðan er og hvort sem árar vel eða illa. Það ber vott um styrka og skilvirka mannauðsstjórnun. Við óskum fyrirtækjunum innilega til hamingju. Hér má sjá lista yfir Fyrirmyndarfyrirtæki 2017 í hverjum flokki fyrir sig, í stafrófsröð.

### FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI – STÓR

1912
Annata
Ásbjörn Ólafsson
CCP Games
DK Hugbúnaður
IKEA
Johan Rönning
Nordic Visitor Iceland
Nova
Opin kerfi
Pipar / TBWA
S4S
Securitas
TM Software
Wise

### FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI – MEÐALSTÓR

1819 - Nýr valkostur
Expectus
Fulltingi
Hringdu
Hugsmiðjan
Hvíta húsið
Iceland Pro Travel
Íslensk getspá
Kortaþjónustan
Libra
Margt smátt
Rekstrarfélag Kringlunnar
Sportköfunarskóli Íslands / dive.is
Tandur
Tengi

### FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI – LÍTIL

Attentus - mannauður og ráðgjöf
Áltak
Beiersdorf
Birtingahúsið
Bókhald og uppgjör
Eirvík
Globus
Harðviðarval
Microsoft Ísland
Rafport
S. Guðjónsson
Sigurborg
Vaðvík
Verslunartækni
Vinnuföt

FYRIRTÆKI
ÁRSINS 2017

## FYRIRTÆKI ÁRSINS – STÓR FYRIRTÆKI

CCP
JOHAN RÖNNING
NORDIC VISITOR ICELAND
S4S
TM SOFTWARE

# STÓR FYRIRTÆKI

| | Heildareinkunn | Stjórnun | Starfsandi | Launakjör | Vinnuskilyrði | Sveigjanleiki vinnu | Sjálfstæði í starfi | Ímynd fyrirtækis | Ánægja og stolt | Jafnrétti | Svarhlutfall í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Meðaltal** | **4,133** | **4,16** | **4,35** | **3,24** | **3,98** | **4,42** | **4,31** | **4,22** | **4,27** | **4,23** | |
| **1912** * | 4,325 | 4,30 | 4,42 | 3,42 | 4,21 | 4,58 | 4,47 | 4,55 | 4,49 | 4,49 | 70-79% |
| **66° Norður, Sjóklæðagerðin** * | 4,032 | 4,05 | 4,31 | 3,06 | 3,66 | 4,22 | 4,25 | 4,28 | 4,21 | 4,20 | 50-59% |
| Actavis | 4,038 | 4,11 | 4,30 | 3,07 | 4,12 | 4,53 | 4,22 | 3,72 | 3,97 | 4,27 | 35-49% |
| Advania | 4,140 | 4,28 | 4,29 | 3,39 | 4,27 | 4,59 | 4,21 | 3,95 | 4,18 | 4,06 | 35-49% |
| **Alp** * | 4,043 | 4,04 | 4,17 | 3,40 | 4,06 | 4,20 | 4,28 | 4,02 | 4,04 | 4,16 | 35-49% |
| **Annata** * | 4,374 | 4,42 | 4,59 | 3,66 | 4,62 | 4,57 | 4,29 | 4,24 | 4,34 | 4,52 | 80-100% |
| **Applicon** * | 4,299 | 4,30 | 4,50 | 3,60 | 4,24 | 4,65 | 4,37 | 4,36 | 4,48 | 4,19 | 80-100% |
| **Ásbjörn Ólafsson** * | 4,375 | 4,44 | 4,58 | 3,39 | 4,24 | 4,60 | 4,51 | 4,57 | 4,52 | 4,46 | 80-100% |
| Bananar | 4,419 | 4,40 | 4,43 | 3,72 | 4,57 | 4,46 | 4,68 | 4,62 | 4,45 | 4,43 | 35-49% |
| Bernhard | 4,201 | 3,94 | 4,03 | 3,78 | 3,95 | 4,65 | 4,84 | 4,55 | 4,43 | 4,01 | 35-49% |
| **Bílaleiga Flugleiða** * | 3,931 | 3,94 | 4,17 | 2,92 | 3,80 | 4,34 | 4,19 | 3,88 | 3,99 | 4,17 | 60-69% |
| **Bílaumboðið Askja** * | 4,223 | 4,29 | 4,35 | 3,68 | 3,87 | 4,37 | 4,25 | 4,33 | 4,39 | 4,43 | 60-69% |
| **BL** * | 4,314 | 4,38 | 4,41 | 3,68 | 4,09 | 4,45 | 4,42 | 4,31 | 4,55 | 4,49 | 70-79% |
| Brimborg | 4,054 | 3,87 | 4,30 | 3,49 | 3,93 | 4,31 | 4,33 | 4,04 | 4,14 | 4,19 | 35-49% |
| **CCP Games** * | 4,443 | 4,40 | 4,66 | 3,74 | 4,41 | 4,61 | 4,45 | 4,41 | 4,48 | 4,77 | 70-79% |
| Creditinfo | 4,092 | 4,29 | 4,30 | 3,43 | 3,93 | 4,36 | 4,36 | 3,78 | 3,98 | 4,34 | 35-49% |
| **Deloitte** * | 4,059 | 4,03 | 4,29 | 2,99 | 4,05 | 4,26 | 4,14 | 4,25 | 4,14 | 4,30 | 70-79% |
| **Distica** * | 4,189 | 4,31 | 4,23 | 3,16 | 4,21 | 4,47 | 4,41 | 4,18 | 4,29 | 4,38 | 70-79% |
| **DK Hugbúnaður** * | 4,343 | 4,32 | 4,60 | 4,15 | 3,77 | 4,62 | 4,27 | 4,34 | 4,65 | 4,41 | 80-100% |
| **Egilsson** * | 4,265 | 4,43 | 4,51 | 3,25 | 4,07 | 4,45 | 4,38 | 4,43 | 4,44 | 4,33 | 50-59% |
| Eimskip | 4,043 | 4,13 | 4,30 | 3,02 | 3,90 | 4,31 | 4,32 | 4,18 | 4,25 | 3,94 | 35-49% |
| **Ernst & Young** * | 4,255 | 4,31 | 4,44 | 3,40 | 4,07 | 4,44 | 4,26 | 4,36 | 4,31 | 4,61 | 80-100% |
| Fastus | 4,444 | 4,45 | 4,74 | 3,92 | 4,00 | 4,73 | 4,29 | 4,61 | 4,66 | 4,58 | 50-59% |
| Festi | 3,855 | 3,92 | 3,96 | 3,25 | 3,65 | 3,92 | 3,95 | 3,98 | 4,01 | 4,00 | 80-100% |
| **Félagsstofnun stúdenta** * | 4,170 | 4,35 | 4,39 | 3,18 | 3,84 | 4,31 | 4,39 | 4,24 | 4,35 | 4,36 | 35-49% |
| Fjárvakur | 3,888 | 3,97 | 4,26 | 2,41 | 3,91 | 4,34 | 4,35 | 4,20 | 4,17 | 3,38 | 60-69% |
| Flugfélag Íslands | 3,937 | 4,03 | 4,25 | 2,88 | 3,50 | 4,46 | 4,38 | 3,69 | 4,23 | 4,08 | 35-49% |
| Flugfélagið Atlanta | 3,951 | 4,01 | 4,26 | 3,11 | 4,00 | 4,56 | 4,31 | 3,85 | 4,06 | 3,52 | 35-49% |
| **Garri** * | 4,108 | 4,13 | 4,24 | 3,19 | 3,98 | 4,39 | 4,32 | 4,47 | 4,30 | 3,99 | 70-79% |
| **Gray Line** * | 3,738 | 3,60 | 3,98 | 2,51 | 3,57 | 3,92 | 3,93 | 3,96 | 3,85 | 4,27 | 35-49% |
| **Guðmundur Jónasson** * | 4,174 | 4,14 | 4,40 | 3,07 | 3,80 | 4,36 | 4,28 | 4,65 | 4,32 | 4,50 | 60-69% |
| Háskólinn í Reykjavík | 4,191 | 4,09 | 4,29 | 2,99 | 4,19 | 4,48 | 4,38 | 4,43 | 4,40 | 4,47 | 50-59% |
| **Hekla** * | 3,727 | 3,59 | 3,91 | 2,74 | 3,80 | 4,23 | 3,94 | 3,52 | 3,79 | 4,08 | 50-59% |
| **Iceland Travel** * | 3,929 | 4,18 | 4,35 | 2,39 | 3,65 | 4,30 | 4,14 | 4,25 | 4,10 | 3,86 | 70-79% |
| Icelandair | 3,757 | 3,86 | 4,17 | 2,17 | 3,85 | 4,19 | 4,13 | 4,05 | 4,14 | 3,23 | 50-59% |
| **Icelandair Cargo** * | 4,122 | 4,21 | 4,43 | 2,69 | 3,92 | 4,42 | 4,42 | 4,21 | 4,41 | 4,31 | 70-79% |
| **Icepharma** * | 4,240 | 4,30 | 4,43 | 3,03 | 4,33 | 4,47 | 4,39 | 4,50 | 4,40 | 4,21 | 80-100% |

Hér má sjá lista yfir stöðu stórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru að lágmarki 50 talsins. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir einstaka þætti. Stjörnumerking (*) þýðir að allir starfsmenn þessara fyrirtækja, án tillits til stéttarfélagsaðildar, fengu senda könnun.

**Fyrirtækin eru birt í stafrófsröð en ekki eftir einkunn eins og verið hefur síðustu ár.**

# STÓR FYRIRTÆKI

| | Heildareinkunn | Stjórnun | Starfsandi | Launakjör | Vinnuskilyrði | Sveigjanleiki vinnu | Sjálfstæði í starfi | Ímynd fyrirtækis | Ánægja og stolt | Jafnrétti | Svarhlutfall í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Meðaltal** | **4,133** | **4,16** | **4,35** | **3,24** | **3,98** | **4,42** | **4,31** | **4,22** | **4,27** | **4,23** | |
| IKEA * | 4,349 | 4,30 | 4,30 | 3,88 | 4,14 | 4,37 | 4,38 | 4,57 | 4,50 | 4,67 | 50-59% |
| Innnes * | 4,193 | 4,28 | 4,22 | 3,34 | 3,89 | 4,47 | 4,41 | 4,46 | 4,42 | 4,25 | 50-59% |
| Íslenska auglýsingastofan | 3,756 | 3,49 | 4,12 | 3,07 | 3,82 | 4,10 | 4,06 | 4,42 | 3,96 | 2,97 | 35-49% |
| Íslensk-ameríska verslunarfélagið | 3,794 | 3,57 | 3,78 | 3,02 | 3,70 | 4,35 | 4,11 | 4,14 | 3,79 | 3,90 | 35-49% |
| Íslenskir aðalverktakar * | 3,960 | 3,92 | 4,20 | 3,18 | 4,02 | 4,20 | 4,20 | 3,98 | 4,16 | 3,79 | 35-49% |
| Íslenskir fjallaleiðsögumenn | 4,197 | 4,13 | 4,59 | 2,98 | 3,84 | 4,29 | 4,24 | 4,74 | 4,28 | 4,56 | 35-49% |
| Johan Rönning * | 4,556 | 4,59 | 4,66 | 3,89 | 4,41 | 4,58 | 4,58 | 4,82 | 4,67 | 4,72 | 80-100% |
| Klettur - sala og þjónusta | 4,230 | 4,01 | 4,31 | 3,82 | 4,26 | 4,45 | 4,45 | 4,47 | 4,42 | 4,04 | 80-100% |
| KPMG * | 4,265 | 4,24 | 4,42 | 3,47 | 4,24 | 4,37 | 4,25 | 4,40 | 4,38 | 4,53 | 60-69% |
| LS Retail * | 4,320 | 4,21 | 4,54 | 3,65 | 4,33 | 4,62 | 4,14 | 4,50 | 4,45 | 4,42 | 70-79% |
| Medis | 3,723 | 3,62 | 4,26 | 2,29 | 3,48 | 4,32 | 4,04 | 3,65 | 3,63 | 4,24 | 35-49% |
| Meniga | 3,762 | 3,58 | 4,33 | 2,98 | 3,47 | 4,42 | 4,00 | 4,07 | 3,73 | 3,48 | 50-59% |
| Miðlun * | 4,311 | 4,35 | 4,53 | 3,88 | 4,00 | 4,49 | 4,48 | 4,21 | 4,40 | 4,45 | 60-69% |
| Mjólkursamsalan | 3,876 | 4,04 | 3,74 | 3,10 | 3,93 | 4,37 | 4,25 | 3,44 | 4,25 | 3,83 | 35-49% |
| Motus * | 3,766 | 3,95 | 4,32 | 2,64 | 3,72 | 4,41 | 4,28 | 3,30 | 3,90 | 3,40 | 60-69% |
| N1 | 3,966 | 4,12 | 4,11 | 3,14 | 3,83 | 4,28 | 4,36 | 3,51 | 4,16 | 4,17 | 35-49% |
| Nordic Visitor Iceland * | 4,466 | 4,61 | 4,71 | 3,21 | 4,50 | 4,56 | 4,33 | 4,82 | 4,67 | 4,56 | 80-100% |
| Nova * | 4,420 | 4,54 | 4,67 | 3,43 | 4,00 | 4,42 | 4,50 | 4,75 | 4,63 | 4,69 | 70-79% |
| Novomatic * | 3,825 | 3,69 | 4,10 | 2,93 | 3,98 | 4,48 | 3,79 | 3,80 | 3,55 | 4,17 | 70-79% |
| Nói Síríus | 4,313 | 4,33 | 4,45 | 3,35 | 3,92 | 4,54 | 4,66 | 4,81 | 4,67 | 4,14 | 50-59% |
| Nýherji * | 4,251 | 4,32 | 4,52 | 3,22 | 4,11 | 4,53 | 4,30 | 4,41 | 4,43 | 4,33 | 60-69% |
| Oddi * | 3,866 | 3,84 | 4,09 | 3,08 | 3,72 | 4,29 | 4,16 | 3,82 | 3,92 | 3,94 | 50-59% |
| Olíuverzlun Íslands * | 4,194 | 4,28 | 4,31 | 3,54 | 3,96 | 4,22 | 4,37 | 4,19 | 4,30 | 4,48 | 35-49% |
| Opin kerfi * | 4,405 | 4,45 | 4,66 | 3,51 | 4,14 | 4,67 | 4,43 | 4,56 | 4,59 | 4,57 | 80-100% |
| Ormsson * | 4,247 | 4,11 | 4,50 | 3,77 | 4,11 | 4,44 | 4,43 | 4,37 | 4,38 | 4,19 | 50-59% |
